

Nd.

745. Frumvarp til laga

[191. mál]

um málflytjendur.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 338 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og herra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um bersýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflytningu lögmanns er ekki bindandi fyrir viðskiptaaðilja hans.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða skipuðum lögmanni málflytningu hans með dómi í aðalmálinu. Þessa ákvörðun má kæra til lögmannsdóms skv. 11. gr. með fjögurra vikna kærufresti. Á sama hátt má kæra til lögmannsdóms ákvörðun um málsvarnarlaun í opinberu máli.

10. gr. hljóðar svo:

Lögmannafélag Íslands skal velja tvo menn í lögmannsdóm. Skulu menn þessir kjörnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Á sama hátt skal kjósa tvo varamenn. Einn aðalmaður og einn varamaður skulu ganga úr dómnum ár hvert.

Hæstiréttur skipar formann lögmannsdóms til þriggja ára í senn svo og varaformann til sama tíma. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir í fast dómaraembætti.

Varamenn taka sæti, þegar aðalmenn eru forfallaðir eða vanhæfir til að skera úr einstöku máli.

Laun dómenda í lögmannsdómi skulu greiddast úr ríkissjóði eftir úrskurði dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um kjör dómenda og starfshætti lögmannsdóms.

13. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflytningu fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem:

1. Er 25 ára gamall.
2. Er lögráður og hefur forræði fjár síns.
3. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
4. Hefur lokið prófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla samkvæmt íslenskum lögum.
5. Hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns í eitt ár og eftir þann tíma sýnt hæfni sína með flutningi tveggja munnlegra fluttra mála eða að öðrum kosti sýnt hæfni sína með flutningi fjögurra munnlegra fluttra mála fyrir prófnefnd, er dómsmálaráðherra skipar.

Prófnefndin skal fylgjast með starfi að undirbúningi málflytningu og stuðla að því, að hann veiti prófmanni þekkingu á störfum lögmanns. Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar o. fl. að fengum tillögum Lögmannafélags Íslands.

Lögfræðingur, sem skipaður hefur verið í fasta dómaraastöðu eða skipa má í fasta dómaraastöðu samkvæmt 32. gr. laga nr. 85/1936, er undanþeginn ákvæði 1. mgr. 5. tl.

Leita skal álits stjórnar Lögmannafélags Íslands, áður en leyfi er veitt.

Heimilt er að synja niðri um leyfi, ef 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. á við um hagi hans.

Dómsmálaráðherra setur tvo prófdómendur til að dæma um málflytningu samkvæmt 1. mgr. 5. tl. 1. mgr. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.